

**Þingsályktun**

**um varnir gegn mengun frá fiskeldi.**

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að móta samræmdar reglur um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðvar og um eftirlit og rannsóknir á mengunarhættu frá þeim. Jafnframt verði athugað hvort þörf sé á lagasetningu vegna mengunar frá fiskeldi.

*Samþykkt á Alþingi 14. desember 1989.*